

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akureyrarkaupstaðar fyrir gjöld skv. lögum um mannvirki og skipulagslögum og önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld, nr. 93/2012.

1. gr.

Ákvæði 1.4. breytist og verður svohljóðandi:

1.4 *Gjöld vegna eftirlits, stöðuleyfa og auglýsingaskilta.*

Gjaldflokkur

	<i>kr.</i>
Stöðuleyfi vegna 20 feta gáms eða minni, veitt til eins árs	30.000
Stöðuleyfi vegna 40 feta gáms, veitt til eins árs	50.000
Árlegt eftirlitsgjald vegna 20 feta gáms á skipulögðum gámasvæðum innan lóða	15.000
Árlegt eftirlitsgjald vegna 40 feta gáms á skipulögðum gámasvæðum innan lóða	20.000
Stöðuleyfi húsa, báta, hjólhýsa, sumarhúsa o.fl., veitt til eins árs	15.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra allt að 6 mánuðir	35.000
Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra 6 - 12 mánuðir	60.000
Leyfi vegna frístandandi auglýsinga-, þjónustu- og upplýsingaskilta	25.000

Gjöld skv. 1. gr. falla í gjalddaga við samþykkt byggingaráforma eða veitingu stöðuleyfa og skulu greidd áður en byggingarleyfi er gefið út.

2. gr.

Breyting á samþykkt þessari var samþykkt í bæjarstjórn 17. desember 2013 og er sett með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi við birtingu.

Akureyri, 21. janúar 2014.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2014